



## 282. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 24. maí 2012 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Lárus Ástmar Hannesson, LÁH  
Berglind Axelsdóttir, BA  
Davíð Sveinsson, DS  
Helga Guðmundsdóttir, varamaður HG  
Gretar D. Pálsson, GDP  
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS  
Guðlaug J. Ágústsdóttir, GJÁ  
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS  
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar, Lárus Ástmar Hannesson setti fund og stýrði.

### Dagskrá:

#### 1. Fundagerðir bæjarráðs.

##### 1.1. Fundagerð bæjarráðs nr. 485, dags. 15.05.2012.

Fundagerð framlögð.

**Liður 2 fundagerð umhverfisnefndar Stykkishólmsbæjar, dags. 23.04.2012 (35.fundur).**

Fundagerð framlögð **liður 5 reglur um kattahald.**

**Samþykkt að kynna reglugerð um kattahald í Stykkishólmi.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Fundagerð samþykkt.**

**Liður 17 tölvupóstur sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 3.5.2012 varðandi ytra mat grunnskólans í Stykkishólmi.**

Framlagt. Bæjarstjórn þakkar Sambandi íslenskra sveitarfélaga það tækifæri að fá taka þátt í tilraunaverkefni um ytra mat grunnskóla, einnig þakkar bæjarstjórn matsteymi fyrir vel unnin störf.

**Til máls tóku: GDP, LÁH og GS**

**Liður 21 samningur um váttryggingaviðskipti.**

Samningur við TM að upphæð kr. 4.335.748 framlagður og samþykktur.



**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 22 tölvupóstur Eyja- og Miklaholtshrepps dags. 14.5.2012  
varðandi Jarðminjagarð.**

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og samþykkt að tilnefna Gyðu Steinsdóttur í vinnuhóp til að kanna hugmyndina um Jarðvang Ljósufjalla.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tóku: GDP, BA og LÁH**

**Liður 23 unglिंगavinna og sumarstörf 2012 – launatafla.**

**Unglingavinna sumarið 2012.**

Tímakaup unglinga (dagvinna).	2008	2009	2010	2011	2012
16 ára og eldri	522	606	688	688	838
15 ára	426	494	561	561	683
14 ára	347	402	457	457	557

16 ára og eldri greiða félagsgjöld til Verkalýðsfélags Stykkishólms og greiða í Festa-lífeyrissjóð mánuði eftir 16 ára afmæli.

**Samþykkt samhljóða.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Til máls tóku: GS og DS**

**Liður 24 vinnuskóli Stykkishólmsbæjar drög að reglum.**

Reglur framlagðar og samþykktar með áorðnum breytingum.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tók: GS**

**Liður 25 vinnuskólinn - gjaldskrá 2012, sláttur og hirðing á grasi.**

Vinnuskólinn

**Sláttur og hirðing á grasi.**

Gjaldskrá 2012

Öll verð eru með 25,5% virðisaukaskatti.



Fastagjald:

1. Flokkur	Litlar lóðir (raðhús)	kr.	<b>5.508</b>
2. Flokkur	Stærri lóðir allt að 1.000 m2 heildarlóð (einbýlishús)	kr.	<b>7.410</b>
3. Flokkur	Erfiðar lóðir allt að 1.000 m2 heildarlóð (einbýlishús) (Mikill halli eða illa hirtar lóðir t.d. slegnar einu sinni á sumri)	kr.	<b>11.017</b>

Stærri lóðir en 1.000 m2 eru háðar tímagjaldi sem er 3.500 á klst., en þó aldrei lægri en sem nemur fastagjaldi.

*Innifalið er sláttur og hirðing á grasi.*

*Hver lóð er ekki slegin oftar en þrisvar sinnum á sumri.*

Elli og örorkulífeyrisþegar fá 75% afslátt af gjaldskrá.

***Ef fullfrískur einstaklingur, 16 ára eða eldri, býr á heimilinu er tekið fullt gjald.***

Fastagjald:

1. Flokkur með afslætti	kr.	<b>1.377</b>
2. Flokkur með afslætti	kr.	<b>1.853</b>
3. Flokkur með afslætti	kr.	<b>2.754</b>

*Innifalið er sláttur og hirðing á grasi.*

*Engin takmörk eru á tíðni sláttar fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.*

Innheimtustjóri.

Vísitala maí 2011 371,2

Vísitala maí 2012 398,2

+ 7% hækkun

**Samþykkt samhljóða.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Þessi þjónusta er einungis í boði fyrir elli- og örorkulífeyrisþega sumarið 2012.

**Til máls tóku: GDP, GS, LÁH og DS**

**Liður 27 fundargerðar skipulags- og bygginganefndar frá 14. maí 2012.**

Fundargerð framlögð.



**Liður 2** deiliskipulag reitur B við Frúarstíg. Breyting á deiliskipulagi. Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi samkvæmt 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin leggur til að tillagan verði grenndarkynnt fyrir eigendum húsa við Skólastíg nr. 1,4,5,6 og 8.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

**Til máls tóku: GDP, DS, GS og LÁH**

**Liður 3** Silfurgata 32, breyting á útliti. Hinrik Hjartarson sækir um að skipta út gluggum og breyta þar með stærð opnanlegum fögum, sbr. erindi mótt. 9.05.2012. Erindi samþykkt.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

**Liður 4** Borgarflöt 1, geymsluskúr. Helga Aðalsteinsdóttir óskar eftir að byggja 5 m<sup>2</sup> geymsluskúr upp við gafli á bílskúr við Borgarflöt nr. 1, sbr. erindi dags. 14.05.2012. Erindi samþykkt.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

Fundargerð samþykkt.

**Liður 28 fundargerð aðalfundar Fasteigna Stykkishólms ehf. (FSH) frá 15. maí 2012.**

Fundargerð framlögð og samþykkt.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

**Liður 29 gjaldskrá Sundlaugar og opnunartími.**

	2011	2012
Fullorðnir	420	500
Börn	170	180
Árskort	25.200	26.000
10 miða kort börn	1.370	1.450
10 miða kort full	3.150	3.340
30 miða kort börn	3.150	3.340
30 miða kort full	6.820	7.230
leiga á handklæði	320	500
leiga á sundfatnaði	320	500
sturta	200	300
tími í íþr.sal	420	500
afmæli 1 klst í sal	2.100	2.200

**Samþykkt samhljóða**



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Opnunartíma sumarið 2012.**

Á laugardögum og sunnudögum er opið frá kl. 10-18 báða daga.  
Virkir dagar frá kl. 7-22, nema föstudaga frá 7-19.

Samþykkt samhljóða.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með áorðnum breytingum.**

**Til máls tóku: GDP, GS, ÍHS, HG, BA og LÁH**

**2. Fundargerðir nefnda.**

- 2.1. Fundargerð nefndar um málefni fatlaðra, dags. 30.04.2012.**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.2. Fundargerð umhverfisnefndar Stykkishólmsbæjar, dags. 23.04.2012.**  
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.
- 2.3. Fundargerð stjórn Dvalarheimilis aldraðra, dags. 08.05.2012.**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.4. Fundargerð atvinnumálanefndar Stykkishólmsbæjar, dags. 23.04.2012.**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.5. Fundargerð skólanefndar, dags. 25.04.2012.**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.6. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 14.05.2012.**  
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

**Fundargerðin upplestin og samþykkt.**

**Fundi slitið kl. 17:47**

**Þór Örn Jónsson**